

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Árni Helgason

Rafveiðar á vatnasvæði Selfljóts og  
Gilsár 1981 og 1982.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASFNS

26.01.1982

VAUST / 8208

Inngangur.

Dagana 7 og 8 júlí 1982 var gerð seiðakönnun í Selfljóti-Gilsá og þverám þeirra á vegum Veiðimálastofnunar á Egilsstöðum. Markmiðið með þessari athugun var að kanna árangur af laxaseiðasleppingum á vatnasvæðinu á undanfórnum árum og meta hann með tilliti til áframhaldandi fiskræktaraðgerða. Sambærileg athugun var gerð árið 1981 og eru niðurstöður hennar sýndar hér með þar sem þær hafa ekki áður verið birtar.

Smáseiðasleppingar hafa verið stundaðar á vegum veiðifélagsins og leigutaka vatnasvæðisins a.m.k. undanfarin 4 ár, en þar áður hafði eitthvað verið sleppt af gönguseiðum í ána. Ekki er kunnugt um árangur af þeim aðgerðum.

Smáseiðasleppingar síðustu 3ja ára hafa einkum beinst að þverám Selfljóts-Gilsár. Hefur seiðum verið sleppt í Bjarglandsá 1980, í Hurðabaksá og Núpsá 1980 og 1982 og í Gilsá og Staðará 1980, 1981 og 1982.

Aðferðir.

Athuganir eru gerðar með rafmagnsveiðum á 100-500 m<sup>2</sup> svæðum í ánum (sjá staðsetningar á korti hér að aftan), og eru stöðvarnar, sem valdar voru á sleppisvæðum eftir því sem best er vitað og er túlkun niðurstaða miðuð við það.

Öll veidd seiði voru lengdarmæld og sýnishorn af hreistri og kvörnum tekin til aldursgreiningar. Í öllum tilvikum var aðeins veidd 1 yfirferð á hverri stöð og í þeim tilvikum, sem veitt var á fleiri en 1 stöð í sömu á, eru niðurstöður teknar saman í heild fyrir þá á hér að aftan.

Niðurstöður og umræður.

Niðurstöður eru sýndar í töflu 1 og myndum 1-3 hér að aftan. Í töflu 1 er fjöldi veiddra seiða umreiknaður miðað við 100m<sup>2</sup> botnflöt, og er sundurgreint milli lax, urriða og bleikju fyrir árið 1981 og 1982. Á myndum 1-3 er hinsvegar sýndur fjöldi veiddra seiða og lengdardreifing þeirra í súluritum, og er greint á milli árganga í samræmi við aldursgreiningar af kvörnum.

Ekki ber að líta svo á, að gildi sett fram í töflu 1 séu raunverulegar þéttleikatölur fyrir árnar. Til þess að hægt sé að reikna það út þarf mun stærra úrtak og fleiri veiðiyfirferðir á hverri stöð. Hinsvegar eru þessar tölur fyllilega sambærilegar innbyrðis, og gefa mikilsverðar upplýsingar um árangur seiðasleppinga, ef sú forsenda stenst, að rafveiðistaðir séu allir á svæðum, þar sem sleppt hefur verið á síðustu 3-4 árum.

### Bjarglandsá.

Engar rafveiðar áttu sér stað í Bjarglandsá 1982, en áin var hinsvegar rafveidd 1981.

Ekki verður vart við laxaseiði úr sleppingu 1980, en hinsvegar er nokkuð vart við bleikjuseiði af ýmsum árgöngum, og styður þetta það sem áður hefur verið bent á, að Bjarglandsá er mun líklegri til að fóstura bleikju heldur en lax og urriða einkum ef tekið er miðað af því, að hitastig árinna er að öllu jöfnu fremur lágt, og hún hitnar seint á vorin. Áin mun vera fiskgeng 6-8 km frá ós og rennur neðst að verulegu leyti á sandbotni (4km), en síðan í gljúfri og er ófiskgengur foss 3 km uppi í gljúfrinu (lýsingar Teits Arnlaugss. 1979 og Finns Garðarssonar 1981).



### Staðará.

Staðará fellur í Selfljót úr suðri um 1 km austan við bæinn Klúku. Hún er lítil og vatnsmagnið breytilegt eins og í flestum þessara áa sem hafa dæmigerð dragár einkenni. Áin er fiskgeng 3-4 km frá ósi að flúð neðan við efri þjóðvegsbrú. Sleppisvæði er ofan við þessa flúð.

Mestar vonir hafa verið bundnar við Staðará ásamt Hurðabaksá með seiðasleppingum, enda ná þær að hitna mun meir en almennt á svæðinu og hafa búsvæði sem henta laxaseiðum af öllum stærðum vel. Staðaráin gefur allgóða svörun við seiðasleppingum, og er í raun eina áin þar sem sleppiseiði finnast í einhverju mæli. Það er ljóst af niðurstöðum að sleppingar 1980 og 1981 hafa tekist vel og það virðist sem seiðin muni dvelja 2-3 sumur í ánni (að sleppisumri meðtöldu) áður en þau ná niðurgöngustærð. Af þessu má ráða, að það er tvímæla- laust hægt að mæla með áframhaldandi laxaseiðasleppingum í Staðará.

### Hurðabaksá.

Ekki fundust nein laxaseiði í Hurðabaksá nú í sumar, en hinsvegar vottur sumarið 1981. Síðast var sleppt í ána 1980 og er hugsanlegt að þau seiði séu farin úr ánni. Hurðabaksáin er um margt lík Staðará að gerð og má ætla að hún henti ekki síður fyrir laxaseiði. Sá staður sem rafveitt var á mun vera á fiskgengum hluta árinna og verður þar vart við bæði urriða og bleikju. Verður að hafa það í huga þegar sleppingar eiga sér stað. Ekki er mér kunnugt um hvort sleppt hefur verið á ófiskgenga hlutann, en gönguhindrun er í bugðu rétt við Hríjótárvatn.



### Gilsá.

Gilsá er sá hluti Selfljóts-Gilsár sem rennur í Eiðabinghá. Á þeim stöðum sem athugaðir voru í Gilsánni verður lítið vart við laxaseiði, en sleppt hefur verið í ána á hverju ári a.m.k. síðan 1980. Hinsvegar er bleikja meira áberandi og bendir það til þess, að áin henti betur fyrir bleikju heldur en lax, en áin er frekar köld og hitnar seint á vorin.

### Núpsá.

Núpsá fellur í Gilsá miðja vegu milli Hreimsstaða og Hjartarstaða. Hún er fiskgeng uppáð svonefndum Flatafossi og er það um 5 km frá ós. Rafveitt var skammt neðan við fossinn á svonefndu Ullarvaði. Þau laxaseiði sem fengust, hafa verið úr sleppingu 1980, en voru þó ekki orðin nema 7 cm á lengd. 2 seiði eru að vísu ekki nægilega mikill fjöldi til að slá föstu með vöxtinn, en stærðin bendir til að hann sé lítill og er það sennilegast vegna þess hversu köld áin er, og væntanlega næringarsnaud.

### Lokaorð.

Það virðist á heildina lítið sem verulegur hluti af vatnakerfinu henti ekki fyrir laxaupveldi. Undantekningin þar á er Staðaráin og sennilega Hurðabaksáin, en þær eru báðar litlar og að svo stöddu ekki opnar fyrir göngufisk nema stutta leið, en efri hluta þeirra er hægt að nýta fyrst um sinn með smáseiðasleppingu.

Ekki er hægt að fullyrða hvort smáseiðasleppingar í Núpsá eru vænlegur kostur. Af þeim niðurstöðum sem liggja fyrir nú virðist það ekki vera, en það mun skýrast betur við seiðaathugun í henni á næsta sumri, þegar ljóst er hver vöxtur seiðanna, sem sleppt var 1982, verður athugaður.

Eins og áður segir þá tel ég að Gilsá-Selfljót sé fremur bleikju-  
svæði heldur en laxasvæði, og ekki sé auðhlaupið að fá verulega  
laxgengd á svæðið. Hinsvegar má með því að nýta efri hluta smá-  
ánna er vel mögulegt að einhver laxgengd verði þar á hverju ári.  
Ár á N-austur og Austurlandi hafa verið í lögð undanfarin 2 ár og  
hefur víðast ekki veiðst minna af laxi síðan reglulegar skráningar  
hófust. Það er ástæða til að ætla að orsakir þessa megi að veru-  
legu leyti finna í ástandi sjávar þó ekki sé fullljóst hvaða  
þættir þar valdi. En sömu áhrif koma væntanlega fram bæði í ám  
þar sem um náttúrulegan stofn er að ræða og þeim þar sem smáseiða-  
sleppingar hafa átt sér stað á undangengnum árum. Er af þeim sökum  
varlegt að segja of mikið um getu ánnna á vatnasvæði Gilsár-Selfljóts  
til að framleiða lax fyrr en þessi lögð er gengin hjá í göngum úr  
sjó. Ég tel að það sé ástæða til að halda áfram smáseiðasleppingum  
á valin svæði a.m.k. fyrst um sinn þar til ljóst er hversu vel það  
skilar sér í veiði, en þau seiði sem nú eru í t.d. Staðará munu að  
hluta til ganga niður nú í vor og ættu því að koma fram í veiði  
1984-1986. Það er ástæða til að undirstrika það hér, að nauðsyn-  
legt er að hreistri sé safnað af öllum veiddum lögum og þau send  
Veiðimálastofnun til aldursákvörðunar.

Ekki er ástæða til að ætla að það sé þörf fyrir að sleppa bleikju-  
seiðum á vatnasvæðið. Náttúrulegt klak er sennilega nægt til að  
fullnýta búsvæðin á fiskgengu árhlutunum.

Ef mögulegt er, þá er mjög gagnlegt að hafa sjipulega skráningu á  
silungsveiði í veiðibækur líkt og þekkist með lax. Það veitir mikil-  
vægar upplýsingar um fiskstofnana í ánum og kemur að gagni fyrir  
eigendur við að skipuleggja nýtingu svæðisins.

26.01.1983

Veiðimálastofnun á Egilsstöðum

---







Arni Helgason

Selfljót-Gilsá Tafla 1.

Í töflunni eru niðurstöður rafveiða 1981 og 1982 umreiknaðar í fjölda seiða á 100 m<sup>2</sup>. Þar sem í öllum tilvikum er um að ræða 1 rafveiði-yfirferð, þá er reiknað með 30% veiðni fyrir 1.árs seiði, 40% fyrir 2. og 3.ára seiði og 50% fyrir eldri seið. Þetta er byggt á fyrri reynslu. Auðir reitir eru þar sem ekki hefur verið rafveitt, en x þar sem ekki hefur veiðst neitt seiði.


| A.  | ÁR | LAX  |      | URRÍÐI |      | BLEIKJA |        |
|---|----|------|------|--------|------|---------|--------|
|   |    | 1981 | 1982 | 1981   | 1982 | 1981    | 1982   |
| Bjarglandsá<br>1981 884m <sup>2</sup><br>1982 e.veitt           | 0  | x    |      | x      |      | x       |        |
|   | 1  | x    |      | x      |      | 1.9     |        |
|   | 2  | x    |      | x      |      | 2.0     |        |
|   | 3  | x    |      | x      |      | 0.8     |        |
|   | 4  | x    |      | x      |      | x       |        |
| Hurðabaksá<br>1981 1246m <sup>2</sup><br>1982 126m <sup>2</sup> | 0  | x    | x    | x      | x    | x       | x      |
|   | 1  | 0.3  | x    | 5.4    | x    | 4.0     | x      |
|   | 2  | 0.4  | x    | 1.0    | 4.0  | x       | x      |
|   | 3  | 0.4  | x    | x      | x    | x       | x      |
|   | 4  | x    | x    | x      | x    | x       | x      |
| Gilsá<br>1981 1457m <sup>2</sup><br>1982 369m <sup>2</sup>      | 0  | x    | x    | x      | x    | vottur  | vottur |
|   | 1  | x    | 0.9  | 0.7    | x    | 3.9     | 12.6   |
|   | 2  | 0.3  | x    | x      | x    | 1.0     | 2.0    |
|   | 3  |      | x    | 0.2    | x    | 0.5     | x      |
|   | 4  | x    | x    | x      | x    | x       | x      |
| Staðará<br>1981 505m <sup>2</sup><br>1982 252m <sup>2</sup>     | 0  | x    | x    | x      | x    | x       | x      |
|   | 1  | 17.1 | 22.5 | 4.6    | 9.2  | x       | x      |
|   | 2  | x    | 12.9 | 1.5    | 3.0  | x       | x      |
|   | 3  | x    | x    | 0.5    | x    | x       | x      |
|   | 4  | x    | x    | x      | x    | x       | x      |
| Núpsá<br>1981 e.veitt<br>1982 130m <sup>2</sup>                 | 0  |      | x    |        | x    |         | x      |
|   | 1  |      | x    |        | x    |         | x      |
|   | 2  |      | 3.8  |        | x    |         | x      |
|   | 3  |      | x    |        | x    |         | x      |
|   | 4  |      | x    |        | x    |         | x      |






Mynd 1 Laxaseiði í Gilsá-Selfljóti og þvérám  
Rafveiðar Veiðimálastofnunar 1981 og 1982


Bjarglandsá 81




Staðará 81




Hurðabaksá 81



Múpsá 81








Gilsá 81



MERKING KLAKRAGANGA SAMÁ OG MYND 1.

Mynd 2 Urriðaseiði í Gilsá-Selfljoti og þverám  
Rafveiðar Veiðimálastofnunar 1981 og 1982



|  |         |  |    |
|--|---------|--|----|
|  | KLAK 82 |  | 79 |
|  | 91      |  | 78 |
|  | 90      |  | 77 |

Mynd 3 Bleikjuseiði í Gilsá-Selfljóti  
Rafveiðar Veiðimálastofnunar 81 - 82




GLJÚFUR


BRÚ

RAFV. ST.

EIMAR



GILSÁ-SELFLJÓT



VAUST03/AHH